

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Heitur pottur með ramp fyrir hreyfihamlaða

Dags: 25.11 2024 - uppfært

Málsnúmer: 202411616

Starfsmaður: Arnar Jónsson, sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs.

Tillaga:

Í framlagðri fjárhagsáætlun vegna ársins 2025 er gert ráð fyrir 30 m.kr. fjárveitingu til þess að byggja heitan pott með rampi fyrir hreyfihamlaða við Lágafellslaug.

Lagt er til að bæjarráð samþykki að heimila menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviði að undirbúa umsóknir til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Römpum upp Ísland vegna þess verkefnis til að standa straum af kostnaði umfram fyrirhugaðar fjárheimildir.

Greinargerð:

Í framlagðri fjárhagsáætlun vegna ársins 2025 er gert ráð fyrir 30 m.kr. fjárveitingu til þess að byggja heitan pott með rampi fyrir hreyfihamlaða við Lágafellslaug.

Í samtölum fulltrúa Mosfellsbæjar við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og Römpum upp Ísland og fleiri aðila hefur komið fram áhugi á þátttöku þeirra í fjármögnun verkefnisins. Slíkur pottur mun bæta aðgengi hreyfihamlaðra og yrði sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi.

Meðfylgjandi er frumkostnaðaráætlun fyrir tvo valkosti – ílangt eða hringlaga ker.

Frumkostnaðaráætlun byggir á því að heiti potturinn verði settur á óhreyft land utan núverandi sundlaugarsvæðis. Við fullnaðarhönnun verður hægt að fara í ítarlegri kostnaðargreiningu og aðgerðir til að ná fram hagkvæmari framkvæmd.

VERKLIÐUR		Ílangt ker	Hringlaga ker
Verktakakostnaður	kr.	55.302.820	49.048.244
Umsjón ráðgjöf og eftirlit	6%	3.318.169	2.942.895
Ófyrirséð	12%	6.636.338	5.885.789
Fjármagnskostnaður	4%	2.212.113	1.961.930
HEILDARKOSTNAÐUR		67.469.440	59.838.858

Virðingarfyllt,

Arnar Jónsson



Fylgiskjal:

1. Frumkostnaðaráætlun fyrir tvo valkosti
2. Mynd af sambærilegum potti – dæmi frá Kanada